

Reykjagarður hf.
Fosshálsi 1
110 Reykjavík

Reykjavík, 21.2.2023
UST202203-004/G.S.O.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 9. júní 2022 þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Reykjagarði að Jarlsstöðum þann 27. apríl 2022.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. 40. gr. í lögum 7/98 um hollustuhætti og mengunarvarnir samanber 16. lið 5 .gr. í reglugerð 935/2018 um BAT. *Rekstraraðili framkvæmir ekki mælingar eða útreikninga á losun frá starfseminni í samræmi við töflur 1.1; 1.2 og 3.2 í BAT niðurstöðum sem gilda fyrir starfsemina. Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er vinna við útreikninga hafin og eru áætluð verklok 31. apríl 2023.*
2. 42. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. *Öruggar mengunar- og árekstrarvarnir skulu tryggðar við rekstur húsaveyma. Húsaveymar á svæðinu eru búnir ófullnægjandi árekstrarvörnum. Rekstraraðili hefur sent stofnuninni myndir af fullnægjandi árekstrarvörnum og telst frávikinu því lokið.*

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun stofnunin halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Kristín Kröyer
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur